

# Ársskýrsla fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu 2022-2023

Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu var stofnuð 11. nóvember 2006 og hefur starfað allar götur síðan. Í fagráði fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu sitja sex félagsráðgjafar;

- Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, doktorsnemi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, teymisstjóri heimastuðnings í neðra Breiðholti hjá Reykjavíkurborg.
- Sigrún Þórarinsdóttir, félagsráðgjafi í öldrunarmálum á Norðurmiðstöð Reykjavíkurborgar.
- Þorbjörg Árnadóttir, félagsráðgjafi á fræðslu- og gæðasviði Grundarheimilanna.
- Guðbjörg María Árnadóttir, deildarstjóri dagendurhæfingar á Hrafnistu við Laugarás.
- Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafi í þjónustu- og ráðgjafardeild aldraðra hjá Kópavogsbæ.

Fagdeildin heldur úti virkum umræðuhóp á Facebook. Þar eru birtar auglýsingar um viðburði, tilkynningar frá Félagsráðgjafafélagi Íslands, fréttir af öldrunarmálum á Íslandi og annað sem þykir eiga erindi við hópinn. Stór hluti þess sem birt er í hópnum eru atvinnuauglýsingar. Þegar litið er yfir árið er ljóst að atvinnutækifæri fyrir félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu eru fjölbreytt og vöntun virðist vera á sérfræðingum á sviðinu.

Fagráðið leggur sig fram um að halda hópnum virkum. Síðastliðið ár hafa verið birt 82 innlegg í hópnum, að jafnaði eitt til tvö í hverri viku. Meðlimir hópsins eru 50 og þar af eru aðeins fimm sem eru alveg óvirkir. 45 meðlimir lesa innlegg, sýna viðbrögð (smella á like) eða skrifa athugasemdir og taka þátt í umræðum á síðunni. Miðað við stærð samfélags öldrunarfélagsráðgjafa á Íslandi er fagráðið mjög ánægt með virknina.

Félagsráðgjafafélagið fær reglulega boð um að skrifa umsagnir við þingsályktunartillögur og lagafrumvörp í samráðsgátt Alþingis. Þau mál sem snerta eldra fólk og öldrunarþjónustu eru birt í hópnum og meðlimir hvattir til að senda athugasemdir til að setja í umsögn félagsins. Á liðnu ári hafa eftirfarandi mál komið til umræðu:

- Frumvarp til laga um almannatryggingar (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna), 72. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 75. mál.
- Drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027, 247. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028, 860. mál.

Fagdeildin tók þátt í Félagsráðgjafafönginu sem fram fór 17. febrúar 2023. Dagskrá þingsins var allan daginn, frá 08:30 til 16:30. Fyrir hádegi voru aðalfyrirlesarar með erindi en eftir hádegi var hægt að velja milli fjölda dagskrárliða um ýmis efni. Öldrunarmálum var gert hátt undir höfði því þátttakendur höfðu möguleika á að hlusta eingöngu á erindi um eldra fólk, þjónustu við það og störf með því. Fagdeildin stóð fyrir umræðustofu undir yfirskriftinni *Þróun starfsumhverfis öldrunarfélagsráðgjafa* og málstofu um *Valdeflingu eldra fólks og aðstandenda*. Fulltrúar frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu

kynntu aðgerðaáætlunina *Gott að eldast* á málstofu með yfirskriftinni *Félagsráðgjöf og teymisvinna vegna þjónustu við eldra fólk*. Birna Sigurðardóttir félagsráðgjafi var þar í forsvari.

Hér að neðan má sjá hvernig dagskráin leit út. Allir dagskrárliðir voru vel sóttir og líflegar umræður sköpuðust. Nú þegar eru komnar fram hugmyndir um erindi fyrir næsta Félagsráðgjafabþing.

## Lota 1 kl. 13:00-14:00

### Þróun starfsumhverfis öldrunarfélagsráðgjafa

#### Stofa D

**Umsjón umræðustofu:** Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Stöðug öldrun þjóða og hækkandi hlutfall eldra fólks í samfélaginu hefur óhjákvæmilega í för með sér auknar kröfur til fagaðila í velferðarþjónustu. Félagsráðgjafar geta starfað hvar sem fólk kemur við sögu og hafa alla tíð gert. En þörfin fyrir félagsráðgjafa sem sérhæfa sig í þjónustu við eldra fólk hefur aukist í takt við lýðfræðilegar breytingar vestrænna þjóða. Í þessari umræðustofu verður fjallað um þróun starfsumhverfis öldrunarfélagsráðgjafa, möguleika og hindranir, áskoranir og tækifæri. Tveir félagsráðgjafar segja stuttlega frá breytingum á eigin starfsvettvangi til að opna umræðuna. Umræðustofan er skipulögð af Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.

13:00-13:15 Úr útskriftarteymi Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH) yfir á hjúkrunarheimili. Þorbjörg Árnadóttir, félagsráðgjafi.

13:15-13:30 Af Landakoti, LSH yfir í þjónustuíbúðir hjá sveitarfélagi. Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi.

13:30-14:00 Umræður

## Lota 2 kl. 14:15-15:15

### Félagsráðgjöf og teymisvinna vegna þjónustu við eldra fólk

#### Stofa D

**Umsjón málstofu:** Birna Sigurðardóttir

Gott að eldast - Heildarendurskoðun stjórnvalda á þjónustu við eldra fólk byggist á samþættingu þjónustu sem grundvallast á teymisvinnu margra fagstétta. Í málstofunni verður farið yfir aðgerðaáætlun um breytingar á þjónustu við eldra fólk 2023-2027 en aðgerðaáætlunin byggir á fimm stoðum þ.e. samþættingu þjónustu, virkni, upplýsing, þróun og heimili. Aðgerðaáætluninni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skapa skýra framtíðarsýn um hvaða leiðir verði farnar til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem felur í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru, að ábyrgð á þjónustupáttum milli aðila sé skýr og að gráum svæðum verði útrýmt. Birna Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur.

**Lota 3 kl. 15:30-16:30**

## **Valdefling eldra fólks og aðstandenda**

### *Stofa D*

**Umsjón málstofu:** Guðbjörg María Árnadóttir

Á málstofunni verður fjallað um rannsóknir í öldrunarfræðum.

- 15:30-15:40 „Takk Kópavogsbær fyrir að fylgjast með mér.” Viðhorf eldri íbúa til þjónustu Kópavogsbæjar. Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafi.
- 15:40-15:50 Áhrif Covid-19 á líðan eldra fólks sem fær félagslega heimaþjónustu í Kópavogi. Katrín Knudsen, félagsráðgjafi.
- 15:50-16:00 Heilsa, vellíðan og þarfir óformlegra umönnunaraðila eldra fólks sem þiggur heimahjúkrun. Sírý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi.
- 16:00-16:10 Að búa með heilabilun: Reynsla einstaklinga sem sinna maka með heilabilun. Karen Birna Ómarsdóttir, félagaráðgjafi.
- 16:10-16:30 Umræður.

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili að Öldrunarráði Íslands og hefur fagdeildin sent fulltrúa á aðalfund þess ár hvert. Fagráðið á jafnframt fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs FÍ og stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands. Öldrunarfélagsráðgjafar hafa því rödd víða og ættu ekki að hika við að nýta hana.

**Fyrir hönd fagráðs félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu,**

**Sírý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi**